

"Við höfum lengið íregn um tilviljun, sem er mörgum af löndum vorum sannarlegt hrygðarefni. Dróttsetinn, greifi Stjernekrans, einn af hinum ríktu aðalsmönnum vorum, og af öllum, sem þektu hann elskaður og virtur, sem eðallyndur maður og fróður, hefir á ferð sinni um suðurhluta Norðurálfunnar mist í fið af sorglegri tilviljun. Fagurt kvöld í júnímánuði var hinn eðallyndi greifi ásamt syni sínum, sem fylgdist með honum á þessu ferðalagi, staddur á háum kletti, sem stendur lóðréttur upp úr Innfljótinu. Hrifinn af fegurð landslagsins, stóð hann á yztu brún klettsins, og án þess hann tæki eftir því, losnuðu nokkrir steinar undir fótum hans, svo að hann ásamt þeim féll oian í Innfljótið. Um leið og hann féll, æpti hann nokkuð hátt, svo að sonur hans, sem var staddur hins nær á klettinum, þegar óhappið skeði, þaut þangað sem hann heyrði ópið, og menn geta ímyndað sér hræðslu hans og örvilnan, þegar hann fann föður sinnu hvergi, enda lá við, að hann steypiti sjálfum sér í fljótið á eftir föður sínum.

"Það, sem enn meir jók beiskju sorgarinnar, var það, að lík hins druknaða manns fannst hvergi, þrátt fyrir það, að leitað var í og meðfram fljótinu grundgæfilega í marga daga á eftir. En þetta er skiljanlegt, þegar þess er gætt, að á þessum stöðum er fljótið straumhart mjög og margar hringiður í því, sem draga alt niður í djúpið".

"Stjernekrans greifi átti margar jarðir, auk hins ágæta erfðaóðals, Óðinsvíkur, sem er í suðurhluta Vermlands, skamt frá bakkanum á Venern. Eberhard Stjernekrans greifi er nú erfingi þessara miklu eigna. Til að reyna að mýkja sorgina, sem föðurmíssirinn bakaði hinum unga greifa, hefir hann tekist ferð á hendur til Ítalíu".